

Eftirlitsskyldir aðilar: viðbótarskilmálar Fyrirtækjaþjónustu Símans

1. Almennt

- 1.1. Skilmálar þessir gilda um þá viðskiptavini Símans hf. á fyrirtækjamarkaði („þjónustukaupi“) sem eru háð eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (hér eftir „FME“ eða „Fjármálaeftirlitið“), í skilningi laga og reglna hverju sinni.
- 1.2. Með staðfestingu þessara skilmála staðfestir þjónustukaupi að hafa kynnt sér og samþykkt slíka skilmála, eftir því sem við á.
- 1.3. *Skilmálar Fyrirtækjaþjónustu Símans*, eins og þeir eru á hverjum tíma, eru skilmálum þessum til fyllingar. Sé misræmi á milli *skilmála Fyrirtækjaþjónustu Símans* og þessara skilmála skulu ákvæði þessara skilmála ganga fram.

2. Viðbótarskilmálar

- 2.1. Gagnvart fyrirtækjum sem eru háð eftirliti Fjármálaeftirlitsins þá staðfestir Síminn að félagið hefur kynnt sér leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila og nr. 6/2014 um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum og skal tryggja að tilmælum þessum sé fylgt.
- 2.2. Þjónustukaupi ber alfarið ábyrgð á öllum fyrirmælum sem hann beinir til Símans og ber Síminn ekki ábyrgð á atvikum sem fara í bága við tilmæli Fjármálaeftirlitsins, ef þau stafa af fyrirmælum þjónustukaupa.
- 2.3. Síminn skal tryggja aðgang starfsmanna þjónustukaupa, ytri og innri endurskoðanda þjónustukaupa og Fjármálaeftirlitsins að starfsmönnum, upplýsingum og vinnustöð Símans í þeim tilgangi að kanna framkvæmd verkefna sem unnin eru fyrir þjónustukaupa á grundvelli samnings aðila. Slíkt eftirlit eða aðgangur skal að öllu leyti lúta reglum Símans um upplýsingaöryggi.
- 2.4. Fyrirkomulag aðgangs skal vera með þeim hætti að það ógni ekki gagnaöryggi annarra viðskiptavina Símans. Öll vinna er tengist aðgengi Fjármálaeftirlits eða annarra aðila sem þjónustukaupi óskar að fái aðgang að gögnum sínum skal greidd af þjónustukaupa samkvæmt verðskrá Símans hverju sinni.
- 2.5. Þjónustukaupa er heimilt að segja samningi aðila upp án fyrirvara ef Fjármálaeftirlitið gerir kröfu um slíkt vegna sérstakra aðstæðna að mati Fjármálaeftirlitsins sem réttlæta slíka uppsögn.
- 2.6. Símanum er með öllu óheimilt að vista tölvubúnað og gögn hjá þriðja aðila (keðjuútvistun / undirvinnsluaðila) nema með samþykki þjónustukaupa, sbr. einnig *Persónuverndarskilmála fyrirtækjaþjónustu* þar sem við á. Óski Síminn eftir því að keðju-útvista skal þjónustukaupi meta keðju-útvistunaraðila með sjálfstæðum hætti og skal keðjuútvistun ekki framkvæmd nema þjónustukaupi hafi veitt sannarlegt samþykki.
- 2.7. Komi til breytinga á framkvæmd eða tilmælum frá Fjármálaeftirlitinu samþykkja aðilar að semja um breytingar á samningnum í góðri trú þannig að fylgja megi slíkri framkvæmd eða tilmælum.

3. Gildistími og skilmálabreytingar

- 3.1. Skilmálar þessir eru gefnir út af Símanum hf. og voru síðast uppfærðir þann 1. október 2023 og gilda þar til nýir skilmálar taka gildi.
- 3.2. Síminn áskilur sér rétt til þess að breyta skilmálunum með að lágmarki eins mánaðar fyrirvara. Verða slíkar breytingar tilkynntar viðskiptavini með nægilegum fyrirvara og sannanlegum hætti.